

Stjórnarfundur Leiknar: Föstudaginn 23. október 2020

kl. 13:00 – 14:00

Staður: Fjarfundur í Teams

Mætt. Guðfinna (GH), Þór (ÞP), Eyrún (EV), Fjóla (FML), Helgi Þorbjörn (HPS), sem jafnframt ritaði fundargerð

Boðuð forföll: Ingibjörg, Eyjólfur.

1) Ráðstefna Kvasis, Fræðslumiðstöðvarinnar, Leiknar og NVL.

HPS fór yfir helstu atriði afmælisráðstefnu Kvasis. Leikn kemur að ráðstefnunni ásamt FA, og NVL og situr formaður í stýrihóp sem vinnu að undirbúningi ráðstefnunnar. Stýrihópurinn hefur verið að undirbúa rafræna ráðstefnu og hefur ráðið til verkisins Svarta Tind til að hafa umsjón með ráðstefnunni, skipulag og tæknilegar útfærslur. Eins og staðan er í dag þá er gengið útfrá því að ráðstefnan verði haldin 20. janúar.

Verið er að vinna í yfirskrift ráðstefnunnar og eru þar uppi hugmyndir að skoða með hvaða hætti er hægt að mæta þörfum z kynslóðarinnar í námi og starfi (z- kynslóðin eru þeir einstaklingar sem eru á efri stigum grunnskóla og að ljúka framhaldsskóla eða að hefja háskólanám. Á fundi stýrihópsins kom fram rík áhersla á að tengja ráðstefnuna við atvinnulífið. Stjórn Leiknar list vel á vinnuna.

GH bendir á að EPALE sé að skoða þetta málefni og að þar geti legið fjármagn til að styðja við ráðstefnuna. Þá benti FML á að Guðbjörg T.Vilhjálmisdóttir hafi verið að rannsaka efnið og geti verið vænlegur fyrirlesari á ráðstefnunni. HPS mun koma þessum tillögum á framfæri við stýrihópinn

2) Gagnageymslumál

HPS fór yfir stutta úttekt á gagnageymslumálum fyrir Leikn

Eftirfarandi valmöguleikar eru í boði á fljótu bragði.

1. Microsoft – office 365

- Kostnaður um 9.000 – 20.000kr. á ári pr notanda
- Innifalið: Teams, Onedrive, Sharepoint Ekki aðgangur að offline forritum eingöngu vefforritin.

2. Microsoft – onedrive – Ókeypis og aðeins sem gagnageymsla

3. Google

- Kostnaður enginn

4. Innifalið: Öll vefforrit, docs, töflureiknir, Gagnageymsla, Vefspjall

Fundurinn fól HPS að stofna onedrive reikning á netfangi Leiknar.

3) Grein um framhaldsfræðsluna

HPS benti stjórn Leiknar á grein sem hann hefur deilt með stjórnarmeðlimum. Stjórnin var almennt ánægð með greinina og HPS mun senda hana í birtingu við fyrsta tækifæri.

4) Festing stjórnarfunda –

HPS kom með þá tilögu að stjórnarfudnir yrðu að jafnaði 3. föstudag í mánuði kl. 12-13.

Tillagan var samþykkt

5) Önnur mál

a) Fræðsluerindi

HPS setur upp könnun sendir til stjórnar til samþykktar og yfirferðar. Formaður og ritari sjá um að senda könnunina út

b) SAM- hópurinn

Stjórn ræddi aðeins vinnu SAM-hópsin. EV sagði frá boðuðum fundi sem haldinn verður mánudaginn 26. október. Á þeim fundi verða aðalega rædd hagfræðileg atriði sem lúta að því að búa til hvata í hagkerfinu í kjölfar covid-19.